

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 30. desember 1992 staðfest breytingu á aðalskiplagi Kópavogs 1988-2008, sem staðfest var 23. apríl 1990.

Breytingin nær til svæðis sem markast af Reyrhvatni, Hlíðarvegi, Digranesvegi og Kópavogslæk. Landnotkun breytist úr opnu svæði til sérstakra nota í blandaða landnotkun fyrir stofnun og opið svæði til sérstakra nota. Opið svæði til sérstakra nota er jafnframt stækkað til austurs að Digranesvegi.

Breytingin hefur holtið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs og skipulagsstjórnar ríkisins

Umhverfissráðuneytið, 30. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 511

21. desember 1992

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Theodórs A. Jónssonar.

1. gr.

Minningarsjóður Theodórs A. Jónssonar er stofnaður að frumkvæði Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta hreyfihömluðum Sjálfsbjargarfélögum og fjölskyldum þeirra þann umframkostnað er þeir verða fyrir á ferðalögum vegna hreyfihömlunar sinnar, fyrst og fremst vegna hjálparmanna.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjafir að fjárhæð kr. 466 550 til minningar um látinn félagi Sjálfsbjargar Theodór A. Jónsson. Theodór var formaður Sjálfsbjargar frá 1960-1988.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir til minningar um Theodór A. Jónsson svo og aðra látna Sjálfsbjargarfélaga.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheimum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að framan.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og þrjú til vara, sem skulu kosnir á þingi Sjálfsbjargar, sf., fyrst 1992 og síðar á tveggja ára fresti.